



Börn sem sækja aðrar tómstundir á tíma frístundaheimilisins

Algengt er að börn sækji aðrar tómstundir samhliða starfi frístundaheimilisins. Í þeim tilvikum þar sem aðrar tómstundir fara fram á starfstíma frístundaheimilisins getur starfsfólk frístundaheimilanna aðstoðað foreldra við að senda börnin af stað, en eingöngu í þeim tilvikum þar sem foreldrar hafa skráð upplýsingar um tómstund barnsins í gegnum Völu. Skráningin birtist á viðverulista og starfsfólk hjálpar síðan börnunum að muna að leggja af stað á réttum tíma og skráir þau jafnframt út úr viðveru frístundaheimilisins. Sum börnin fara í akstur hjá hverfisíþróttafélaginu sínu en önnur þurfa að koma sér sjálf á milli staða.

Um leið og barnið hefur yfirgefið frístundaheimilið að ósk foreldra er það komið úr formlegri umsjá frístundaheimilisins og er alfarið á ábyrgð foreldra eða þeirra aðila sem taka við barninu í þeim tómstundum sem barnið á að sækja. Kjósi foreldrar að láta barnið koma aftur í frístundaheimilið að loknu tómstundastarfi er barnið á ábyrgð foreldra þar til það hefur komið aftur inn og gefið sig fram við starfsfólk sem skráir það aftur inn í starfið.

Það kemur fyrir að börnin vilji ekki fara úr frístundaheimilinu í aðrar tómstundir. Í þeim tilvikum er barnið ekki þvingað til að fara, en skilaboðum er komið til foreldranna um að barnið sé enn í frístundaheimilinu.